

LÆRDÓMSSAMFÉLAGIÐ HORNAFJÖRÐUR

# LOKASKÝRSLA



Sigurður Mar Halldórsson verkefnisstjóri

---

## Markmið samkvæmt umsókn

Markmið verkefnisins er að tengja saman grunnþætti skólastarfs á öllum skólastigum í sveitarfélaginu Hornafirði og gera þá sýnilega í skólunum og samfélaginu í heild.

Markmið verkefnisins er einnig að tengja vinnu við grunnþættina við samfélagið í heild þannig að grunnþættirnir séu ekki einungis sýnilegir í skólunum heldur allsstaðar í sveitarfélaginu.

## Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Á vordögum 2012 varð til stýrihópur verkefnisins. Hann skipuðu auk skólastjóra leik,- grunn- og framhaldsskóla, Tónskóla A-Skaft, fræðslustjóri sveitarfélagsins og fulltrúar Háskólaseturs Hornafjarðar. Stýrihópurinn auglýsti eftir verkefnisstjóra og var hann ráðinn síðla vors.

Stýrihópurinn fundaði reglulega og fylgdist með framvindu með verkefnisins. Í ágústlok voru skipaðir sex vinnuhópar, einn um hvern grunnþátt. Í hópunum sat starfsfólk frá öllum skólum á staðnum þannig að öll skólastig ættu fulltrúa í hópunum.

Hóparnir hittu verkefnisstjóra 4, 5. og 6 september 2012 og hófu störf fljótlega. 34 voru skráðir í hópana í byrjun, sumir byrjuðu aldrei af ýmsum ástæðum, aðrir duttu út á miðri leið og nýir bættust við. Megnið af tímanum starfaði 32ja manna kjarni auk 10 manna stýrihóps. Hóparnir héldu að meðaltali 10 fundi á vetrinum auk fjögurra sameiginlegra funda og viðburða. Stýrihópur fundaði hálfsmánaðarlega að jafnaði og fylgdist með framgangi verkefnisins og var bakland verkefnisstjóra.

Í byrjun september var vefurinn [www.laerdomssamfelagid.is](http://www.laerdomssamfelagid.is) opnaður. Á honum eru allar upplýsingar um verkefnið og einnig fundargerðir allra vinnuhópa og stýrihóps.

### Sameiginlegur fundur 12. nóvember 2012

32 voru mætt á fundinn. Í upphafi var farið yfir sviðið og fólk sagði frá upplifun sinni af verkefninu. Eðlilega voru margar spurningar sem upp komu en svör komu við flestum og segja má að í lok fundar hafi rofað til og þokan fokið á braut.

Hver vinnuhópur fékk tvö verkefni til að leysa fyrir árslok.

- Annars vegar að taka saman lista yfir það sem nú þegar er í góðu lagi hjá okkur varðandi hvern grunnþátt; það sem þegar er verið að vinna að og hefur verið gert sem styrkir grunnþáttinn.
- Hinsvegar að koma með tillögu að ákveðnu verkefni sem styrkir grunnþáttinn og snertir allt samfélagið og hægt er að hrinda í framkvæmd á næstu önn.

### Stóri vinnudagurinn 14. janúar 2013

Á fundinum var allt starfsfólk skólanna í sveitarfélaginu. Fólki var skipt í 12 hópa. Í hverjum hópi voru fundarstjórar og ritarar sem verkefnisstjóri hitti fyrirfram og setti inn í vinnulag dagsins. Hver hópur fjallaði um tvo grunnþætti þannig að hver grunnþáttur menntunar fékk umfjöllun í fjórum mismunandi hópum. Hóparnir fengu til umfjöllunar gögn sem vinnuhópar höfðu áður tekið saman:

A. Lista yfir það sem verið er að vinna varðandi hvern grunnþátt.

B. Verkefni sem styrkir grunnþáttinn.

Hóparnir fóru yfir listann (A) og bættu við ef við átti og útfærðu verkefnið (B) og gerðu tillögur að hvernig það yrði sem árangursríkast.

Í kjölfarið óskaði Stýrihópur eftir að hóparnir ræddu fundargerðirnar og leituðu svara við eftirtöldum spurningum:

- Hvernig getum við aukið skilning samfélagsins á okkar grunnþætti?
- Hvernig sjáum við fyrir okkur framhaldið í hópnum?
- Hvernig sjáum við fyrir okkur að verkefnið þróist til vorsins?
- Hvernig sjáum við fyrir okkur að verkefnið þróist næstu árin?

Jafnframt óskaði stýrihópurinn eftir því að allir hópar útfærðu eitt verkefni sem styrkti þeirra grunnþátt og tengdi skólastigin við samfélagið.

Út úr þessu kom sextán blaðsíðna verkefnalisti sem hóparnir unnu síðan með næstu vikurnar, hver með sinn grunnþátt.

### Vinnufundur 19. mars

Fyrir fundinum, sem 26 manns sátu, lá sex blaðsíðna plagg sem hóparnir höfðu unnið upp úr verkefnalista frá stóra vinnudeginum í janúar. Á fundinum fóru fimm blandaðir hópar í gegn um plaggið og gerðu tillögu að sameiginlegu verkefni til að vinna að næsta skólaár. Hóparnir kynntu síðan niðurstöður sínar og í ljós kom að þær voru samhljóða að því leyti að allar snerust þær um sjálfbærni með ögn mismunandi áherslum. Vegna þess hve sjálfbærni er vítt hugtak og snertir marga fleti er auðvelt að útfæra slíkt verkefni á mismunandi skólastigum og þegar eru til verkefni í skólunum sem hægt væri að tengja við sameiginlegt sjálfbærni-verkefni. Í sameiningu var tekin saman hugmyndalisti til að byggja á

Út úr fundinum kom plagg upp á 1 bls. og það er það sem við munum byggja á í vinnunni okkar næsta vetur. Í kjölfarið mótaði stýrihópur, ásamt tveimur fulltrúum úr sjálfbærnihópi, áherslur og skipulag vinnunnar næsta skólaár.

## Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Það sem helst vantaði upp á var að verkefnið tengdist nægilega út í samfélagið og væri sýnilegt.

## Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Í uppgjörsskýrslum sínum nefndu allir vinnuhópar að erfitt hefði verið að finna fundartíma sem hentaði sem kemur til af því hve ólíkur vinnudagur er hjá skólastigunum. Hópunum tókst samt sem áður að halda dampi.

Hóparnir nefndu líka að fyrirmæli hefðu verið óljós í byrjun og vinnulag hefði ekki verið nægilega formfast. Þetta var reyndar með vilja gert, stýrihópurinn taldi að of mikið regluverk væri letjandi og yrði hamlandi fyrir skapandi umræður í hópunum.

## Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefninu

Í fyrsta lagi jók verkefnið skilning allra þátttakenda á grunnþáttunum og mismunandi túlkun á þeim milli einstaklinga og hvernig heppilegt er að nálgast þá á mismunandi skólastigum.

Í öðru lagi hefur samtalið þvert á skólastig dregið úr „kassahugsun“ og tortryggni. Í byrjun voru þátttakendur uppteknir af hindrunum og var óöruggt í hópunum en með því að þurfa að koma sér saman um vinnulag og leiðir og sameiginlega fleti, féllu smám saman niður þeir veggir sem oft myndast í kring um mismunandi stofnanir þótt formlegt samstarf þeirra sé með eðlilegum hætti. Þannig varð til virk umræða sem byggir á trausti og skilningi um atriði sem skipta verulegu máli og eru mikilvæg í skólunum og í samfélaginu öllu og stuðla að betra mannlífi og meiri lífsgæðum.

Í þriðja lagi skapaðist mjög sterk stemning um að auka samvinnu og samskipti milli skólastiganna og urðu til margar hugmyndir um slík verkefni sem skólarnir eiga í farteskinu til framtíðar. Það eitt að halda fundi hópanna í stofnununum til skiptis var til dæmis mjög vel til þess fallið að fólk kynntist stofnununum betur og skildu mismunandi vinnuaðstæður og nálganir að grunnþáttunum eftir skólastigum.

## Mat á verkefninu skv. umsókn

Sá hluti verkefnisins að tengja saman grunnþættina á öllum skólastigum tókst mjög vel en tók hinsvegar mikinn tíma og orku þannig að út af stóð að gera grunnþættina nægilega sýnilega í skólunum og annarsstaðar í samfélaginu, eins og talað er um í umsókn. Það má því segja að verkefnið hafi reynst of umfangsmikið til að hægt væri að ljúka því á einu skólaári. Þó má ekki draga úr þeim árangri sem náðist; að ryðja úr vegi hindrunum á milli stofnana og byggja undir traust og öflugt samstarf milli ólíkra skólastiga. Það er því fyrsta skrefið í langri vegferð þar sem betra samfélag er markmiðið.

## Niðurstöður verkefnisins

Megin niðurstaða verkefnisins er að því lýkur í raun aldrei heldur verður það stór þáttur í skólasamfélaginu í framtíðinni. Það er hinsvegar mjög mikilvæg byrjun og gott veganesti fyrir samfélagið inn í framtíðina. Í því felst hugsun sem hefur vantað og sú sýn og það samstarf sem verkefnið leiddi af sér er því komið til að vera. Skapast hefur góður skilningur á grunnþáttum menntunar og á mismunandi þörfum og viðhorfum skólastiganna og ekki síst traust milli stofnananna og starfsmanna. Þetta er mjög góður grunnur til að byggja á og meðal þátttakenda er ríkur vilji til að vinna áfram að ýmsum verkefnum þvert á skólastigin og milli stofnana.

## Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Birting lokaskýrslu á vef verkefnisins og greinuar í blöð og tímarit. Að auki hefur verkefnið verið kynnt á nokkrum fundum og málþingum, m.a. á haustþingi Kennarasambands Austurlands á Höfn, á málþinginu „Lærum hvert af öðru, virkjum grunnþættina“ í Flensborgarskóla í Hafnarfirði, málþinginu „Vaxtarsprotar í skólastarfi“ í Lækjarskóla í Hafnarfirði og nú síðast á vorþingi skólaskrifstofa sem haldið var á Smyrlabjörgum í Suðursveit.

## Annað sem gagnlegt er að upplýsa stjórn Sprotasjóðs um

Í ársbyrjun 2012 var haldinn sameiginlegur vinnufundur starfsfólks allra skólanna í sveitarfélaginu um grunnþætti menntunar. Þar fæddist hugmyndin að verkefninu Lærdómssamfélagið Hornafjörður og í kjölfarið var myndaður hópur skólastjórnenda og annara sem vinna að menntunarmálum í sveitarfélaginu. Sá hópur myndar í grunninn stýrihóp verkefnisins og hefur því verið starfandi í hálf tannað ár. Sótt var um framhaldsstyrk til Sprotasjóðs til áframhaldandi vinnu en umsókninni var því miður hafnað. Þrátt fyrir það og að þessu verkefni ljúki formlega í sumarbyrjun 2013 hefur hópurinn ákveðið að halda áfram að hittast og vinna eftir því sem kostur er saman að því að færa grunnþættina út í samfélagið og almennt að efla samfélagið í átt að lærdómssamfélagi. Þegar hefur verið ákveðinn fyrsti fundur og lagðar línur að sameignlegu verkefni sem snýr að sjálfbærni. Þar er sem fyrr áherslan á að tegja skólastigin og tengja við fyrirtæki, stofnanir og ekki síst heimilin í sveitarfélaginu

Sá árangur sem þegar hefur náðst er mikilvægur grunnur og viðhalda verður þeirri þekkingu og skilningi sem fjölmargir starfsmenn skólanna hafa aflað sér í vinnu skólaársins sem nú er að ljúka. Á þessum grunni verður áframhaldandi vinna byggð og markmiðið er að sveitarfélagið verði með sanni lærdómssamfélag, samfélag sem lærir og er í stöðugri þróun til hagsældar fyrir alla íbúa þess.

Sigurður Mar Helldónsson